

Friðun kirkjugripa í kirkjum landsins

verkefninu ýtt úr vör

Þóra Kristjánsdóttir



5

Friðun kirkjugripa í kirkjum landsins

Verkefninu ýtt úr vör

Þóra Kristjánsdóttir



Ljósmynd á forsíðu: Fornar kirkjuklukkan í Tungufellskirkju.
Ljósmynd: Ívar Brynjólfsson, Þjóðminjasafn Íslands

© 2001 Þjóðminjasafn Íslands / Þóra Kristjánsdóttir
Öll réttindi áskilin.

ISSN 1560-8050

Prentun/umbrot: Gutenberg - Hraðlestin

Efnisyfirlit

Contents

Efnisyfirlit	3
Inngangur	5
Sögulegt yfirlit	5
Stofnun Þjóðminjasafns Íslands 1863 og lög um verndun fornmenja frá 1907	5
Þjóðminjalög nr. 52, 19. maí 1969	6
Þjóðminjalög nr. 88, 29. maí 1989	6
Þjóðminjalög nr. 107, 31. maí 2001	6
Verkefninu ýtt úr vör samkvæmt þjóðminjalögum frá 1989	7
Tillaga um friðun gripa í Tungufellskirkju	9
Tillaga um friðun gripa í Hrunakirkju	11
Tillaga um friðun gripa í Hrepphólakirkju	14
Framkvæmd friðunar kirkjugripa samkvæmt þjóðminjalögum frá 1989	16
Heimildir	16

Friðun kirkjugripa í kirkjum landsins

Verkefninu ýtt úr vör

Þóra Kristjánsdóttir

Inngangur

Þjóðminjavörður ákvað í samráði við þjóðminjaráð og biskup að friða gripi í þremur kirkjum í Árnessýslu sumarið 2001. Það var gert samkvæmt þjóðminjalögum nr. 88 frá 1989.

Skrásetning, friðun og eftirlit með kirkjugripum og minningarmörkum í kirkjum og kirkjugörðum um land allt hefur verið á dagskrá löggjafans í nærri heila öld. Þjóðminjasafnið og starfsfólk þess hefur frá upphafi stefnt að því að öðlast yfirsýn yfir menningarverðmæti í landinu og lagði Matthías Þórðarson þjóðminjavörður grunninn að kirkjugripaskrá með skoðunarferðum og könnun á kirkjum og kirkjustöðum á árunum 1908-15. Eftirmenn Matthíasar í embætti, þeir Kristján Eldjárn og Þór Magnússon, endurskoðuðu skrá Matthíasar eftir því sem tækifæri gáfust og er nú í Þjóðminjasafni varðveittur grunnur að heimildarsafni sem stöðugt er verið að endurskoða og bæta.

Þegar samstarf Þjóðminjasafns við Húsafriðunarnefnd um útgáfu bóka um kirkjur Íslands komst á skrið þótti brýnt að stefna að friðun valdra gripa í tengslum við þá útgáfu. Þóru Kristjánsdóttur var falið að rannsaka og skrifa um skróða og áhöld í fyrstu tvö bindin og rökstyðja friðun gripa í þeim kirkjum sem fyrst yrði fjallað um. Hafist var handa við að skrifa um gripi í Tungufellskirkju, Hrunakirkju og Hrepphólakirkju og er þetta skýrsla um þá rannsókn sem hér sér dagsins ljós. Fyrsta bindi ritraðarinnar kom út í nóvember 2001. Fyrir liggur handrit að öðru bindi, þar sem fjallað er um Stóra-Núpskirkju, Ólafsvallarkirkju, Villingaholtskirkju og Hraungerðiskirkju svo og drög að friðunarskrá.

Samkvæmt nýjum Þjóðminjalögum sem voru

samþykkt vorið 2001 og tóku gildi 1. september 2001 flyst friðun kirkjugripa og minningarmarka yfir til nýrrar stofnunar, Fornleifaverndar ríkisins. Það kemur því í hlut þeirrar stofnunar að sjá um framkvæmd þessa verkefnis í framtíðinni.

Sögulegt yfirlit

Stofnun Þjóðminjasafns Íslands 1863 og lög um verndun fornmenja frá 1907

Stofnun Þjóðminjasafns Íslands 24. febrúar 1863 var þáttur í þjóðvakningu Íslendinga á 19. öld, og var meginverkefni umsjónarmanna safnsins á fyrstu áratugunum að fá gripi til safnsins og sjá til þess að útflutningur forngripa yrði stöðvaður. Þegar ný lög um friðun og varðveislu fornminja voru samþykkt árið 1907, á fyrstu árum heima-stjórnar Íslendinga, var nánar kveðið á um starfssvið forstöðumanns safnsins og tengdust þá safnið og fornminjavarslan um allt land sterkum böndum sem héldust alla 20. öldina, þar er átt við lög um verndun fornmenja frá 16. nóv. 1907. Í 19. grein þeirra laga var fornminjaverði gert að setja á sérstaka forngrípaskrá þá forngripi sem einstakir menn áttu, ef eigendur þess leyfðu. Á skrá þessa skyldi fornmenjavörður og setja alla forna kirkjugripi, svo fljótt sem því yrði við komið, og þurfti ekki leyfi til þess. Þeir gripir sem skráðir voru á þennan hátt voru friðaðir samkvæmt þessum lögum. Þó var eiganda heimilt að flytja gripi úr stað, en ekki af landi burt. Ef eigandinn gæfi öðrum skrásettan grip, var skylt að láta fornmenjavörð vita um eignaskiptin. Forngripasafnið átti forkaupsrétt að skrásettum gripum. Andi þessara laga hélst lítið breyttur alla öldina.

Matthías Þórðarson var skipaður fornmenjavörður samkvæmt þessum lögum frá 1907 og

lagði hann grunninn að kirkjugripaskrá með skoðunarferðum og könnun á kirkjum landsins á árunum 1908-15. Skrá Matthíasar er varðveitt í Þjóðminjasafninu. Ekki hefur verið litið á hana sem friðunarskrá, og ekki mun hún hafa verið á margra vitorði né farið víða. Eftirmenn Matthíasar í embætti, þeir Kristján Eldjárn og Þór Magnússon endurskoðuðu skrá Matthíasar eftir því sem tækifæri gáfust, en ekki var unnin sérstök skrá um friðlýsta gripi.

Þjóðminjalög nr. 52, 19. maí 1969

Ný þjóðminjalög sáu dagsins ljós vorið 1969, skömmu eftir að Þór Magnússon hafði tekið við embætti af Kristjáni Eldjárn, er hann var kjörinn forseti lýðveldins 1968. Í lögnum, Þjóðminjalög nr. 52, 19. maí 1969, var að finna sérstakan kafla um kirkjugripi og minningarmörk. Þar er endurtekið að þjóðminjavörður skuli setja á skrá þá kirkjugripi sem varðveittir eru í kirkjum landsins og hann telur skráningarverða vegna sögulegs eða listræns gildi þeirra. Einnig þá legsteina og minningarmörk sem hann telur rétt að vernda. Ennfremur segir í 22. grein sama kafla að gera skuli sérstaka skrá um friðlýsta kirkjugripi hverrar kirkju, og sama gildi um minningarmörk í kirkjugörðum.

Þjóðminjalög nr. 88, 29. maí 1989

Í nýjum þjóðminjalögum nr. 88, 29. maí 1989 varð nokkur áherslubreyting, því þar segir að þjóðminjavörður ákveði í samráði við þjóðminjaráð friðun og forvörslu kirkjugripa sem varðveittir eru í kirkjum landsins og hann telur friðunarverða vegna sögulegs eða listræns gildi þeirra. Ekki er tilgreint hverjum beri að skrásetja kirkjugripina, en aðgengileg skrá yfir gripi hverrar kirkju er forsenda þess að unnt sé að friða valda gripi.

IV. KAFLI þjóðminjalaga frá 1989 er fjallar um kirkjugripi og minningarmörk:

29. gr.

Þjóðminjavörður ákveður í samráði við þjóðminjaráð friðun og forvörslu kirkjugripa sem varðveittir eru í kirkjum landsins og hann telur friðunarverða vegna sögulegs eða listræns gildi þeirra.

Þjóðminjavörður friðar einnig þá legsteina eða önnur minningarmörk í kirkjugörðum sem hann

telur rétt að vernda af framangreindum ástæðum.

Halda skal nákvæma skrá yfir friðaða kirkjugripi og minningarmörk.

30. gr.

Munir, sem á friðunarskrá eru teknir skv. 29. gr., eru friðhelgir. Óheimilt er að raska þeim eða spilla. Ekki má heldur farga þeim né flytja þá burtu nema leyfi þjóðminjavarðar komi til.

Forráðamönnum kirkna ber að vernda skráða kirkjugripi.

Kirkjugarðsstjórnir annast vernd skráðra minningarmarka svo sem segir í 17. gr. laga um kirkjugarða, nr. 21, 23. apríl 1963, nú 1. 36/1993.

31. gr.

Gera skal sérstaka skrá um friðlýsta gripi hverrar kirkju og sama gildir um friðlýst minningarmörk í kirkjugörðum. Þjóðminjavörður lætur skrár þessar í té sóknarprestum, próföstum og sóknarnefndum sem hlut eiga að máli.

32. gr.

Þjóðminjasafnið skal varðveita aflagða kirkjugripi og þá gripi sem þjóðminjaverði og forráðamönnum kirkna kemur saman um að eigi sé ástæða til að hafa í kirkju lengur. Þó getur þjóðminjavörður falið viðkomandi byggðasafni varðveislu gripanna.

33. gr.

Sé kirkja lögð niður skulu gripir hennar renna til safns skv. 32. gr. eða til annarra kirkna og sé það ákveðið með samráði þjóðminjavarðar og biskups eða prófests. Gildir þetta jafnt um bændakirkjur og safnaðarkirkjur.

Þjóðminjasafnið skal eiga forkaupsrétt að kirkjugripum í einkaeign ef seldir verða.

Þjóðminjalög nr. 107, 31. maí 2001

Á síðasta degi löggjafarþingsins vorið 2001 voru samþykkt enn ein þjóðminjalög, þar sem friðun kirkjugripa og minningarmarka voru færð yfir í nýja stofnun. Samkvæmt þeim skal forstöðumaður hinnar nýju stofnunar, Fornleifaverndar ríkisins, ákveða í samráði við þjóðminjavörð friðlýsingu og varðveislu kirkjugripa sem hann telur friðunarverða.

Hin nýju lög tóku gildi 1. september 2001. Því verður framhald friðunar kirkjugripa og minn-

ingarmarká undir forystu hins nýja embættis Fornleifaverndar.

Kaflí úr Þjóðminjalögum nr. 107, 31. maí 2001, V. kaflí, er fjallar um

kirkjugrípi og minningarmörk hljóðar svo:

20. gr.

Forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins ákveður í samráði við þjóðminjavörð friðlýsingu og varðveislu kirkjugrípa sem varðveittir eru í kirkjum landsins og hann telur friðunarverða vegna sögulegs eða listræns gildis þeirra. Gripir hverrar kirkju sem friðlýstir eru skulu skráðir sérstaklega.

Munir, sem á friðlýsingarskrá eru teknir skv. 1. mgr., eru friðhelgir. Óheimilt er að raska þeim eða spilla. Ekki má heldur farga þeim né flytja þá burtu nema með leyfi forstöðumanns Fornleifaverndar ríkisins. Forráðamönnum kirkna ber að vernda skráða kirkjugrípi.

21. gr.

Forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins friðlýsir þá legsteina eða önnur minningarmörk í kirkjugörðum sem hann telur rétt að vernda vegna sögulegs eða listræns gildis þeirra.

Halda skal nákvæmar skrár yfir minningarmörk og skulu minningarmörk í hverjum kirkjugarði skráð sérstaklega. Minningarmörk sem tekin eru á friðlýsingarskrá eru friðhelg. Óheimilt er að raska þeim eða spilla. Kirkjugarðsstjórnir annast vernd skráðra minningarmarká svo sem segir í lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993.

22. gr.

Fornleifavernd ríkisins heldur skrár skv. 20. og 21. gr. og lætur þær í té sóknarprestum, próföstum og sóknarnefndum sem hlut eiga að máli.

23. gr.

Sé kirkja lögð niður skulu gripir hennar renna til Þjóðminjasafns Íslands eða til annarra kirkna að höfðu samráði milli forstöðumanns Fornleifaverndar ríkisins, þjóðminjavarðar og biskups eða prófasts. Gildir þetta jafnt um bændakirkjur sem safnaðarkirkjur. Þjóðminjasafn Íslands skal eiga forkaupsrétt að kirkjugripum í einkaeign ef seldir verða.

Verkefninu ýtt úr vör samkvæmt

Þjóðminjalögum frá 1989

Í kjölfar lagasetningarinnar frá 1989 var að frumkvæði Þjóðminjavarðar stofnað til umræðufunda um verkefnið milli biskups og starfsmanna hans annars vegar og starfsmanna Þjóðminjasafns hins vegar og urðu allir aðilar sammála um að náið skipulagt samstarf yrði að verða um fyrirhugaðar friðunarskrár kirkjugrípa og minningarmarká. Mikil hreyfing og tilfærsla hefur orðið á eignum kirkna á 20. öldinni. Kirkjur hafa verið aflagðar og aðrar reistar á nýjum stöðum, oft í nærliggjandi þéttbýli. Þjóðminjasafnið hefur tekið í vörslu sína tólf kirkjur þegar það var eina leiðin til að bjarga þeim frá eyðileggingu eða niðurrifi. Í húsasafni Þjóðminjasafnsins eru því allar torfkirkjur landsins sem varðveist hafa í upprunalegri gerð, svo og nokkrar gerðir timburkirkna. Enginn einn aðili hefur til þessa haft yfirsýn um alla gripir sem varðveittir eru í kirkjunum. Víða leynast þar dýrgripir sem sumir hverjir eru lítt þekktir og njóta ekki þeirrar virðingar né umhirðu sem þeim ber. Æskilegt þótti að yfirmenn kirknanna hefðu sjálfir umsjón og eftirlit með gripum þeim sem þar eru. Hinsvegar hafi embætti þjóðminjavarðar heimild til þess að grípa inn í sé varðveislu grípa áfátt, og friða gripir að undangengnum rökstuðningi og rannsóknum. Þessi umræða var löngu tímabær, en enginn formlegur samningur hefur verið gerður um málaflokkinn enn sem komið er.

Því má segja að brotið hafi verið blað er Húsafríðunarnefnd ríkisins ákvað að hefja útgáfu ritraðar um friðaðar kirkjur á Íslandi. Húsafríðunarnefnd fékk til samstarfs Þjóðminjasafn Íslands og Biskupsstofu og var hafist handa við að rannsaka kirkjur, kirkjugrípi og minningarmörk í Árnæssýslu. Ákveðið var að í fyrsta bindi yrði fjallað um tvær sóknarkirkjur sem Húsafríðunarnefnd hefur haft umsjón með og eina í húsasafni Þjóðminjasafnsins. Fyrir valinu urðu kirkjurnar í Hrunaprestakalli, þ.e. Hrunakirkja og Hrepphólakirkja svo og Tungufellskirkja sem Þjóðminjasafnið eignaðist að gjöf árið 1987.

Það kom í hlut Þóru Kristjánsdóttur að rannsaka og skrifa um skróða og áhöld í öllum þremur kirkjunum. Í kjölfarið voru lögð fram drög að friðlýsingarskrá. Þar var lagt til að friðlýsa allan skróða og áhöld í Tungufellskirkju, þar sem



FRÍÐLÝSINGARSKJAL

UM KIRKJUGRIPI

KIRKJA: Tungufellskirkja

SVEITARFÉLAG, KAUPSSTAÐUR: Hrunamannahreppi

SÝSLA: Árnessýslu

TÁKNTALA: 8710

Í kirkjunni eru eftirtaldir gripir friðlýstir samkvæmt Þjóðminjalögum nr. 88, 29. maí 1989.

1. Altari
2. Umgjörð altaristöflu
3. Altarismynd
4. Prédikunarstóll
5. Söngtafla
6. Númerakassi
7. Stór skríðakista
8. Altarisklæði
9. Gamalt altarisklæði
10. Altarisdúkur
11. Gamall altarisdúkur
12. Höskull
13. Rykkjilln
14. Kaleikur og patína
15. Útskorinn bakki
16. Oblátubankur
17. Altaristjakar tveir
18. Armstjaki
19. Skarbitur
20. Prestaspóði
21. Klukkur tvær fornar

Þetta kunngerist eigendum og forráðamönnum greindrar kirkju nú og eftirleiðis, svo og öðrum sem hlut eiga að máli. Ber að varðveita friðlýsingarskjal þetta og sjá um að forráðamönnum sé jafnan kunnert um friðlýsinguna.

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

Reykjavík 21. júní 20 01


Þjóðminjavörður

kirkjan og gripir hennar eru í heild hluti af Þjóðminjasafninu. Í Hrunakirkju voru valdir tíu gripir eða gripasamstæður, og níu í Hrepphólakirkju.

Skal nú gerð grein fyrir þeim gripum sem settir voru á friðunarskrá 21. júní 2001, samkvæmt 29. grein Þjóðminjalaga nr. 88, 29. maí 1989:

Tillaga um friðun gripa í Tungufellskirkju

Þegar gengið er inn í Tungufellskirkju er höfuðprýði hennar altarið, altarisbúnaðurinn og prédikunarstóllinn, allt útskorið og skrautlega málað af Ófeigi Jónssyni bónda og listasmið. Gripir þessir eru úr gömlu torfkirkjunni sem hann smíðaði árið 1831 og stóð þar til núverandi kirkja var smíðuð 1856. Ófeigur Jónsson var fæddur 1770 að Búrfelli í Grímsnesi. Hann bjó bæði í Grímsnesi og í Þingvallasveit og er oftast kenndur við Heiðarbæ í Þingvallasveit. Hann lagði gjörva hönd á margt um dagana og var eftirsóttur smiður og máleri. Síðustu árin bjó hann á Syðri-Reykjum í Mosfellssveit, þar sem hann lést árið 1843.¹ Tungufellskirkja er vel búin kirkjuklæðum. Altarið er óvenju skrautlegt og er aðeins skrytt fyrir helgiathafnir. Áhöld kirkjunnar eru hin merkustu. Kaleikinn og patínuna lagði Brynjólfur Sveinsson Skálholtsbiskup til kirkjunnar á 17. öld og klukkur hennar eru meðal elstu kirkjuklukkna í landinu. Hér verður lýst nánar áhöldum og gripum kirkjunnar.

1. Altarið er úr furu, nema hluti framhliðar, hliðarspjöld og hurðin, sem er úr eik. Eikarhlutinn gæti verið enn eldri, eða úr eikaraltari sem flutt var í kirkjuna úr Reykjadalaskirkju þegar hún var niðurlögð og getið er í prófastsvísitasíu 21. september 1820.² Altarið er 103 cm á hæð, 107 cm á breidd og 87 cm djúpt með skrautmáluðum listum og hurð á hjörum með lás og lykli. Það er málað í fjórum bláum litum með rauðbrúnum og hvítum listum. Fast undir borðbrún er skrautbekkur með tannstaf, málaður með hvítum og svörtum lit. Rammi, málaður svartur með hvítum tiglum og listum og rauðbrúnum lista yst, myndar umgjörð um altarishurðina. Hún er og blámáluð með rauðbrúnum listum og er hornsneitt fagurblátt spjald á hvítu spjaldi í tvílutum ramma greypt í miðja hurðina. Á hliðunum eru

og hornsneidd spjöld, máluð svört eða svarblá með marglitu blómaskrauti.

Ofan á altarinu aftast er stallur eða gaflbekkur sem líkist kistu, en verður ekki lokið upp. Mun þetta vera það sem kallað var "predella" fyrrum. Slíkir stallar voru á ölturum á miðöldum og stóðu á þeim krossmörk og síðar altaristöflur og altarisþskápar með helgimyndum.³ Gaflbekkurinn er 9 cm há, 22 cm djúpur og næstum jafnlangur altarisborðinu eða 102 cm. Framan á eru máluð hvít blóm. Altaristaflan hvílir á þessum gaflbekk og er lagður á hann dúkur eins og á altarið við messu. Fáein ölturu hafa varðveist með þessu lagi á Íslandi, má þar nefna gamla altari Brynjólfs biskups í Skálholtsdómkirkju frá 1673 og útskorinn gaflbekk á altarinu í Skarðskirkju á Skarðsströnd.

2. Umgjörð altaristöflunnar er mjög skrautleg. Hún er með burst og ferhyrindum stöplum til beggja hliða og upp af mæni, alls 142,5 cm á hæð frá stallinum. Á hliðarstöplunum eru renndir hnúðar efst. Allt er þetta skrautlega málað í sömu litum og altarið. Efst undir burstinni er skrautbekkur með tannstaf eins og þeim á altarinu og til hliðar beggja vegna eru máluð skrautblóm á svörtum grunni. Ramminn um sjálfa altarismyndina er rauðbrúnn með gylltum listum og gylltu útskornu blómskrauti.

3. Altarismyndin sýnir Krist með lítinn dreng sér við hlið. Þetta er íslensk máluð eftirmynd af þekktri altaristöflu sem danski málariinn Carl Bloch málaði á seinni hluta 19. aldar. Hún er máluð af Brynjólfi Þórðarsyni árið 1915 að beiðni Matthíasar Þórðarsonar Þjóðminjavarðar, sem fékk til safnsins leifar af fornu krossmarki er haft var áður í stað altaristöflu. Þetta er olíumynd máluð á eikarspjald, 61,5 cm á hæð, 49,5 cm á breidd. Neðst í vinstra horni hefur listamaðurinn merkt myndina stöfunum B.P. og skrifað undir *Copi*.

Brynjólfur Þórðarson var fæddur í Bakkakoti á Seltjarnarnesi 1896. Hann nam við Konunglega Fagurlistaskólann í Kaupmannahöfn 1919-20, og École des Beaux-Arts í París 1925-27 og 1928-29 og starfaði síðan sem listmálari í Reykjavík þau fáu ár sem hann átti eftir ólífudu. Hann málaði eftirmyndir þessarar sömu myndar fyrir Reynivallakirkju í Kjós og Suðureyrarkirkju við Súgandafjörð. Brynjólfur lést árið 1938, aðeins rúmlega fertugur að aldri.

Carl Bloch, f. 1834, d. 1890, var einn helsti málari Dana á 19. öld. Hann málaði altarismynd sína fyrir nýbyggða kirkju heilags Nikulásar í Holbæk á Norður-Sjálandi árið 1873.⁴ Hann hefur trúlega haft eftirfarandi orð Krists í huga þegar hann málaði þessa mynd (Lúk. 9, 46-48): *Hver sem tekur á móti þessu barni í mínu nafni, hann tekur á móti mér, og hver sem tekur á móti mér, hann tekur á móti þeim, er sendi mig; því að sá sem minnstur er meðal yðar allra, hann er mikill.*

4. Prédikunarstóll er að sunnanverðu í kirkjunni. Hann er með sama yfirbragði og altarið og töfluramminn, og málaður í sömu litum. Hann er 124 cm á hæð og 89 cm mesta breidd, með fimm hliðum og tiglaskrautbekkjum milli tveggja hæða og hornsneiddum spjöldum eins og á altarishurðinni. Fjórar hliðar eru málaðar, en sú fimmta er snýr að söfnuðinum er ómáluð og einfaldari smíð. Hún hefur í upphafi getað snúið að suðurglugganum og því aldrei verið máluð. Á stólnum er lespúlt, grænmálað, 17 cm á hæð. Virðist málningin á lespúltinu vera sú sama og á grátunum, en undir sér í gömlu rauðu og bláu litina.

5. Söngtaflan er hvítmálað spjald í bláum ramma með listum til þess að renna inn númeraspjöldum. Hún er 36,5 cm á hæð og 30,5 cm á breidd. Efst er leturspjald með áletruninni: Fyrir Predikun og í miðið er annað með áletruninni: Epter Predikun. Söngtaflan er auðsjáanlega smíðuð og máluð af Ófeigi Jónssyni frá Heiðarbæ. Leturgerðin er sú sama og á gamla altarisspjaldinu eftir Ófeig sem varðveitt er í Þjóðminjasafninu, og segir frá hér að framan.

6. Númerakassi úr furu, blámálaður með rauðum röndum, fylgir söngtöflunni. Kassinn er með níu hólfum, hann er 36 cm á lengd og 30 cm á breidd. Í kassanum eru hvítmáluð vönduð tréspjöld með svörtum tölustöfum. Telja má fullvíst að kassinn og tölurnar séu eftir Ófeig Jónsson, smíðað og málað um 1831. Handbragðið virðist vera það sama og á leturtöflunni og litirnir þeir sömu.

7. Stór skrudakista er varðveitt á kirkjulofti, blámáluð með rauðum listum. Kistan er 107,5 cm á lengd, 48,3 cm á breidd og 50 cm há með loki. Hún virðist vera máluð sömu litum og gripirnir

eftir Ófeig Jónsson frá því um 1830 og gæti einnig verið verk hans.

8. Altarisklæði á kirkjan úr þykku rauðu velúrfni með rauðu kögri á jöðrum og einnig er kögurrönd neðarlega á klæðinu. Því fylgir brún eða renningur úr sama efni til þess að leggja yfir stallinn, eða predelluna. Á þann renning er saumuð hvít bómullarblúnda 10,2 cm breið eftir endilöngu. Þessa altarisbúnaðar er fyrst getið í biskupsvísitasíu Sigurbjarnar Einarssonar árið 1961.⁵

9. Gamalt altarisklæði úr rauðum ullardúk fóðrað með ljósbrúnaröndóttu léreftsfóðri er varðveitt í kirkjunni. Á dúkinn er saumuð ljós blúnda.

10. Altarisdúk á kirkjan úr hvítu lérefti með fallegum Feneyjasami á brún með krossmarki í miðju. Dúkinn saumaði Valgerður Ingvarsdóttir (1908 - 1995) og gaf kirkjunni til minningar um eiginmann sinn Helga Jónsson (1906 - 1945) árið 1957 um það leyti sem 100 ár voru liðin frá smíði kirkjunnar.⁶ Þau hjónin bjuggu í Tungufelli á árunum 1931 - 1945.

11. Gamall altarisdúkur er í fórum kirkjunnar. Hann er úr hvítu lérefti með léreftsbúndu og fylgir honum langur og mjór dúkur sem hafður var á altarisstallinum þegar altarið var skrytt. Klæði þessi munu vera frá fyrri hluta 20. aldar.

12. Hökull úr dökkrauðu, mynsturofnu, grófgerðu áklæði (fr. epingle⁷) er í eigu kirkjunnar. Árið 1899 vísiteraði séra Valdimar Briem prófastur Tungufellskirkju og greinir þá frá nýjum hökli sem kirkjan hafi eignast fyrir 16 kr.⁸ Trúlega er þetta sá hökull. Margrét Gísladóttir forvörður Þjóðminjasafns Íslands gerði við hökulinn árið 1980 og saumaði á hann nýjan kross úr rauðu flaeli með gullborðabryddingum. Ennfremur var hann fóðraður með vínrauðu fóðri og settir á hann nýir gullborðar.

13. Rykkilín með blúndubryddingum er í eigu kirkjunnar. Þess er fyrst getið í prófastsvísitasíu sumarið 1909 og er því orðið nær hundrað ára gamalt.⁹

14. Kaleikurinn er úr silfri, gylltur að innan og með tveimur gylltum röndum umhverfis stéttina

og efst um barmana. Hæð 10,9 cm , vídd skálar 6,7 cm, þvermál stéttar 6,3 cm. Patínan er einnig úr silfri, gyllt á botni, þvermál 8,6 cm. Gripa þessara er fyrst getið í vísitasubók Árna Þorvarðarsonar prófests í Tungufellskirkju árið 1693 og vísað þar til samnings um eignarhald kirkjunnar sem gerður hafi verið í Skálholti 22. júní 1671. Þar segir að Brynjólfur biskup Sveinsson hafi aftur sett nýjan silfurkaleik gylltan innan, með innan gylltri silfurpatínu, með nýjum Cardivans húsum, sem kostað skal hafa 10 ríkisdali.¹⁰ Með Cardivans-húsum virðist vera átt við korpóralshús er geymd í korpóralsklútinn. Gripanna er getið í vísitasubókum upp frá því. Þeir eru ekki með neinum stimplum eða merkjum og því erfitt að geta til um uppruna þeirra; þeir gætu verið íslensk smíð.

15. Útskorinn bakki fyrir útdeilingaráhöld er geymdur í altari. Hann er á fæti, úr mahóní, 17,5 cm á hæð, skorinn út af Ríkarði Jónssyni myndskera. Bakkanum fylgdu í upphafi 20 litlir glerbikarar, en þrír virðast hafa glatast. Áhöldin voru gefin kirkjunni af séra Kjartani Helgasyni prófasti í Hruna árið 1930.¹¹

16. Oblátubaukur eða bakstursbaukur lítill, kringlóttur, renndur og málaður er geymdur í altari. Hann er 7,6 cm að þvermáli. Bauksins er fyrst getið í biskupsvísitasíu Finns Jónssonar haustið 1756, en þar segir: *Baksturs ílát af tré.*¹² Matthías Þórðarson lýsir honum í kirknaskrá sinni frá 1906 og segir hann vera "útlendan, gamallegan."¹³

17. Altarisstjakar tveir silfurhúðaðir, allstórir, komu í kirkjuna eftir viðgerðina 1915. Matthías Þórðarson Þjóðminjavörður getur þeirra í skrá sinni um gripa kirkjunnar 1916.¹⁴ Stjakarnir eru 31,7 cm á hæð, óstimplaðir. Þeir bera svipmót nýklassíska stílsins, sem mjög var í hávegum hafður alla 20. öldina. Stjakanna er getið í vísitasíu Jóns Helgasonar biskups árið 1928.¹⁵

18. Armstjaki er festur á bita við prédikunarstólinn. Þetta er veggstjaki úr kopar með tveimur ósamhverfum ljósaliljum og blaðskrauti í rókókóstíl. Slíkir ljósaðstjakar með ósamhverfum ljósaþípum eru meðal helstu einkennisgripa rókókóstílsins.¹⁶ Sóknarpresturinn, séra Jóhann Kr. Briem, gaf kirkjunni stjakann árið 1871.¹⁷

Matthías Þórðarson Þjóðminjavörður lýsti stjakanum svo árið 1916: *Armstjaki úr kopar, mjög laglegur, með tveimur ljósaliljum, fremur gamallegur; er á honum blaðskraut í skelstíl.*¹⁸

19. Skarbítur gamall úr kopar, með fótum og broddi, og rífluðu húsi er geymdur í altari. Hann er stimplaður *LarSen*.

20. Prestaspaði gamallegur úr tré með járnbrún á blaði er geymdur á kirkjulofti, 89 cm langur.

21. Klukkur tvær fornar úr kopar hanga í ramböldum á kirkjuloftinu. Klukkurnar eru meðal elstu kirkjuklukkna á Norðurlöndum, steypar fyrir 1200. Þær eru kollóttar með svonefndu býkúpulagi. Varðveist hafa örfáar slíkar klukkur í nágrannalöndunum, innan við tvo tugi. Samkvæmt rannsóknum sænska málmfræðingsins dr. Helenu Forshell hefur aðeins ein svo forn klukka varðveist í Danmörku, tvær í Noregi, sex í Svíþjóð og fimm á Bretlandseyjum. Á Íslandi hafa varðveist a.m.k. sjö steypar klukkur frá því fyrir 1200.¹⁹ Tungufellskirkja er eina kirkjan sem á tvær slíkar klukkur samstæðar.

Tillaga um friðun gripa í Hrunakirkju

Hrunakirkja eignaðist ný kirkjuklæði árið 1856 á dögum séra Jóhanns Kristjáns Briem, og hafa einhver þeirra varðveist fram á þennan dag í Þjóðminjasafni Íslands. Sama ár eignaðist kirkjan nýja altaristöflu frá Danmörku og ljósaþjálmana tvo með kristöllum sem enn prýða kirkjuna. Þeir voru upphaflega fyrir kerti. Hrunakirkja er vel búin gripum og áhöldum til messuþjónustu, þar á meðal er stór kaleikur og patína, lítill íslenskur þjónustukaleikur og vandaðar danskar oblátudósir úr silfri. Hún á fagran silfurvasa og tvær skírnarskálar. Nokkrir gripir úr eldri kirkjum í Hruna eru nú aflagðir og varðveittir á söfnum.

1. Altaristaflan er vandað olíumálverk fengið frá Danmörku árið 1856 og var því nær tíu ár í gömlu kirkjunni er þar hafði staðið frá fyrri hluta 19. aldar. Myndefnið, þ.e. hin heilaga kvöldmáltíð Krists og lærisveinanna, hefur beina skírskotun til þess helgihalds sem fram fer við altarið í kirkjunni. Síðasta kvöldmáltíðin varð algengasta myndefnið eftir síðaskiptin þegar Lúther og fylgismenn hans boðuðu að myndefni í kirkjum bæri að skýra og styðja messuhaldið. Íslendingar

fylgdu þeirri stefnu og er yfirgnæfandi meirihluti mynda frá 16. öld 19. aldar í íslenskum kirkjum með þessu myndefni. Kristur situr hér fyrir miðju borði, Jóhannes, yngstur lærisveinanna og sá eini sem skegglaus er, situr á hægri hönd Krists og Pétur honum á vinstri hönd. Andspænis þeim situr Júdas þungbúinn og hlustar á orð Krists er hann blessar vínið og brauðið. Efst í hornum helgimyndarinnar eru máluð englahöfuð. Myndina málaði danski málarrinn Claus Christian Tilly árið 1855 og er hún merkt að aftan.

Claus Christian Tilly f. 1800, d. 1879 var á Konunglega Fagurlistaskólanum í Kaupmannahöfn á árunum 1815-1830 og tók þátt í sýningum á Charlottenborg á árunum 1819-1844. Hann starfaði mest sem leiktjaldamálari, en málaði einnig fyrir kirkjur, bæði prýddi þær veggmyndum og skreytingum og málaði í þær altarisöflur. Hann kom á fót teiknskóla fyrir handverksmenn í Kaupmannahöfn árið 1831 og sat í stjórn málarafélagsins í Kaupmannahöfn, þar af formaður á árunum 1843-61.²⁰

Í Goðdalakirkju í Vesturdal í Skagafirði er einnig altarisstafla eftir Claus Christian Tilly, máluð 1837 Málverkið er í útskornum ramma, svörtum með gylltu útskoru vínvíðarlaufi og rósum á hornum. Neðst fyrir miðju er áletrun, gyllt letur á svörtum grunni: *Gjörð það í mína minningu.* Málverkið er 77 cm á hæð og 126 cm á breidd. Ramminn er 9 cm breiður. Taflan mun hafa komið ný í gömlu kirkjuna sem rifin var 1865, og verið flutt í þessa kirkju nýsmíðaða. Hennar er getið í Vísitasíubók Árnesprófastsdæmis frá 1862.²¹

2. a + b Söngtöflur tvær með lausum stöfum, voru gefnar kirkjunni árið 1866.

Í prófastsvísitasíu frá 1867 eru nefndar þessar tvær nýju söngtöflur með tilheyrandi númerum í rauðmáluðum stokki með dragloki. Þær kostuðu 26 ríkisdali og voru keyptar fyrir samskot sóknarprests og sóknarmanna ásamt altarisklæði, hattasnögum og prédikunarstól.²² Söngtöflurnar eru 62,7 cm á hæð og 41,5 cm á breidd. Á brúnum eru strikaðir gylltir listar, svo og þverlistar undir og yfir númerahillum. Að ofan er lágt ris og er þar málaður kross og fléttuskraut.

3. a + b Kaleikur og patína Hrunakirkju eru úr silfri, allstórir gripir. Kaleikurinn er 21 cm á hæð,

og patínan 12,5 cm að þvermáli. Kaleikurinn er drifinn, báróttur á stétt og hnúð, og er skálin jafnframt grafin að utan. Þar er eikargrein og dúfa, vínvíðarsveigur og kross. Skálin og patínan eru gyllt að innan. Stimplar engir, en þó líklega útlent verk frá 19. öld. Í vísitasíu frá 13. júní 1873 er þess getið að gamli kaleikurinn hafi verið seldur fyrir 50 ríkisdali. Í stað hans hafi verið keyptur nýr kaleikur úr silfri, gylltur innan, *fullstór og í alla staði miklu prýðilegri* er kostað hafi 32 ríkisdali.²³

4. a + b Þjónustukaleikur lítill og laglegur er úr silfri, með tilheyrandi patínu, og er stimpill á botni: J.B. Kaleikurinn er 7 cm að hæð, skálin 5,4 cm að þvermáli, stéttin 6,1 cm og patínan 5 cm. Á patínuna er grafin sól. Þessir gripir eru eftir Jón Bernharðsson silfursmið frá Skógsnesi í Gaulverjabæjarhreppi f. 1822, d. 1877.²⁴

5. Oblátudósir úr silfri frá Michelsen gullsmið í Kaupmannahöfn, með fjórum stimplum, þ.e. stimplum smíðs, borgar, merki myntvarðar og ártalinu (18)58. Krossmark er grafið á lokið. Oblátudósirnar eru gylltar að innan, 9,3 cm í þvermál, 4,4 cm á hæð. Dósanna er getið í vísitasíu prófasts frá 1862.²⁵

6. Patínudúkur gamall, úr rauðu flaueli, einstaklega fallega baldýraður með gullvírskniplingum umhverfis, 16x16,2 cm að stærð. Þetta mun vera patínudúkur sá sem kirkjan eignaðist 1856 og lýst er í vísitasíu frá 1862, en þar segir: *corporalisdúkur fylgir úr rauðu silkiflaueli baldýraður með gullvör og gullvírskniplingum umhverfis.*²⁶

7. Blómavasi úr silfri. Áletrun: *Hrunakirkja. Til minningar um hjónin Ástríði Jónsdóttur og Hróbjart Hannesson Grafarbakka 1865-1965. Frá dóttur þeirra.*

Stimpill á botni DTA. Vasinn er 25 cm á hæð, þvermál 13,5 cm efst.

8. a + b Altarisstjakar tveir fornir steyptir og renndir úr kopar, með tveimur örmum og hefur verið broddur í milli eða typpi, en vantar nú; hæð 33 cm, ljósvídd 19,3 cm, þvermál stéttar 18,6 cm. Stjakarnir eru í endurreisnarstíl með steyptum aldinblómum á ljósaliljunum og gætu því verið frá 16. öld.²⁷



FRÍDLÝSINGARSKJAL

UM KIRKJUGRIPI

KIRKJA: Hrunakirkja

SVEITARFÉLAG, KAUPSSTAÐUR: Hrunamannahreppi

SÝSLA: Árnessýslu

TÁKNTALA: 8710


Í kirkjunni eru eftirtaldir gripir friðlýstir samkvæmt Þjóðminjalögum nr. 88, 29. maí 1989.

1. Altaristafla
2. Söngtöflur tvær
3. Kaleikur og patna
4. Þjónustukaleikur og patna
5. Oblátudósir
6. Patínudúkur
7. Blómavasi
8. Altarissjakar tveir
9. Ljósahjálmar tveir
10. Skírnarskál

Þetta kunngerist eigendum og forráðamönnum greindrar kirkju nú og eftirleiðis, svo og öðrum sem hlut eiga að máli. Ber að varðveita friðlýsingarskjal þetta og sjá um að forráðamönnum sé jafnan kunnert um friðlýsinguna.

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

Reykjavík 21. júní 2001


Þjóðminjavörður

9. a + b Ljósahjálmar tveir úr gleri með kristöllum, upphaflega fyrir sex kerti hvor, en nú fyrir rafljós, hanga í framkirkju og kór. Þeirra er getið í gömlu kirkjunni og voru fengnir samtímis altarástóflunni eða árið 1856. Breski ferðamaðurinn Charles H. J. Anderson lýsir öðrum þeirra svo árið 1863: *Þá er lítill ljósakróna úr skornu gleri yfir innganginum í kórinn.*²⁹

10. Skírnarskál úr silfri. Á börmum er þessi áletrun: *Míningargjöf til Hrunakirkju 1958 um Kamillu S. Briem og síra Steindór Briem, presthjón í Hruna 1883-1904. Fermingabörn síra Steindórs.* Þvermál skálarinnar 40 cm. Á botni hennar eru stimplar: *CC Hermann. Sterling. Danmark.* Skálarinnar er getið í vísitasíu Sigurbjörns Einarssonar biskups haustið 1961.³⁰

Tillaga um friðun gripa í Hrepphólakirkju

Hrepphólakirkja er fagurlega skreytt að innan og vel búin skruduð og áhöldum. Mesta athygli vekur altaríaflan eftir Ásgrím Jónsson og útskurður á innanstokksmunum eftir Stefán Eiríksson, en þessir tveir menn voru meðal helstu listamanna þjóðarinnar á þeim tíma er kirkjan var byggð. Kirkjan á fagran danskan silfurkaleik og lítinn þjónustukaleik úr silfri eftir íslenskan silfursmið sem bjó og starfaði í Kaupmannahöfn á 19. öld. Altárisstjaker kirkjunnar eru trúlega frá 17. öld, og kirkjuklukkurnar eru meðal elstu varðveittu kirkjuklukkna á Norðurlöndum. Hér verður þessum gripum lýst nánar.

1. Altaríaflan, málverk eftir Ásgrím Jónsson listmálara, f. 1876, d. 1958. Myndin sýnir Krist eftir upprisuna sitja til borðs með tveimur lærisveinum sínum í Emmaus. Þeir þekktu hann ekki, en sögðu við hann: *Vertu hjá oss, því kvöldi tekur og degi hallar. Kristur tók þá brauðið, þakkaði Guði, braut það og færði þeim. Þá opnuðust augu þeirra, þeir þekktu hann, en hann hvarf sjónum þeirra* (Lúk. 24. 18-31). Þetta er olíumálverk málað á léreft 123 cm á hæð og 101 cm á breidd í gylltum 14 cm breiðum ramma. Málverkið var gefið kirkjunni árið 1924 af bræðrunum frá Unnarholti, Guðjóni bónda og Bjarna bankastjóra Jónssonum, til minningar um foreldra þeirra Jón Magnússon, d. 1900 og Guðfinnu Bjarnadóttur d. 1915.³¹

2. Hökull gamall úr rauðu silki með gullborða-

krossi og gulu vaðmálsfóðri er í eigu kirkjunnar en ekki notaður nú.

3. a+b Kaleikur og patína úr silfri, laglega drifin og grafin. Kaleikurinn er gylltur að innan, hæð 19,3 cm, þvermál skálar 9,3 cm, stéttar 8,5 cm og patínu 12 cm. Stimplar: *HS*, og merki Kaupmannahafnar með ártali 1840, myntvarðarmerki og meyarmerki. Patínan er með stimplinum *IM* og ártalinu 1841. Kaleikinn smíðaði danski silfursmiðurinn Henrik Ludvig Schmidt, en patínuna Peter Jakob Malmborg.³²

4. a, b, c Þjónustukaleikur úr silfri ásamt silfurvínbrúsa, saman í hylki úr látúni. Kaleikurinn er 12,2 cm á hæð, þvermál skálar 5,6 cm, þvermál stéttar 5,6 cm. Stimplar *AJ, KM 74, SG*. Silfurbrúsinn er 5,6 cm á hæð og 5,7 cm í þvermál. Hylkið er 17 cm á lengd. Í hylkinu voru að auki oblátuaskja og silfurpatína, en þeir gripir eru nú glataðir.³³ Gripir þessir eru smíðaðir af Íslendingnum Ásbirni Jacobsen gullsmið í Kaupmannahöfn fyrir séra Jón Högnason í Hrepphólum árið 1874.³⁴ Ásbjörn Jacobsen fæddist í Hafnarfirði árið 1813 en lærði og starfaði í Kaupmannahöfn til dauðadags 1879.³⁵

5. Patínudúkur úr rauðu flaeli, með vandaðri gullvírsbaldýringu og gullvírskniplingum umhverfis. Hann er 16x16 cm að stærð, trúlega frá 19. öld.

6. a + b Altárisstjakapar úr kopar, renndir, miklir um sig að neðan, þvermál 18,6 cm; hæð 24,5 cm. Leggurinn er renndur og skrúfaður í stéttina. Bæði leggur og stétt eru með gerðarlegum útrenslum. Stjakarnir eru í barokkstíl, trúlega frá 17. öld.³⁶

7. Tvíarma ljósastjaki úr kopar, ljósvídd 13,7 cm, hæð (á ská) 23,5 cm; koparköngull er í milli armanna. Stjakann mun hafa endursmíðað Brynjólfur Einarsson bóndi á Sóleyjarbakka um 1890 upp úr fornum koparstjaka, en Brynjólfur var lengi meðhjálpari Hrepphólakirkju.³⁷

8. Ljósasöx með fornu lagi úr kopar með fangamarki séra Jóns Högnasonar er þjónaði Hrepphólum á árunum 1832-1873.

9. a + b Kirkjuklukkur tvær úr kopar eru í turni,



FRÍÐLÝSINGARSKJAL

UM KIRKJUGRIPI

KIRKJA: Hrepphólakirkja

SVEITARFÉLAG, KAUPSTAÐUR: Hrunamannahreppi

SÝSLA: Árnessýslu

TÁKNTALA: 8710

Í kirkjunni eru eftirtaldir gripir friðlýstir samkvæmt Þjóðminjalögum nr. 88, 29. maí 1989.

1. Altaristaflan, málverk eftir Ásgrim Jónsson
2. Hökull, gamall, úr rauðu silki
3. Kaleikur og patína úr silfri
4. Þjónustukaleikur úr silfri ásamt vinbrúsa, saman í hylki úr látini
5. Patinudúkur
6. Altarisstjalar tveir úr kopar
7. Tviarma ljósastjaki úr kopar
8. Ljósasöx
9. Kirkjukúkkur tvær úr kopar frá miðöldum

Þetta kunngerist eigendum og forráðamönnum greindrar kirkju nú og eftirleiðis, svo og öðrum sem hlut eiga að máli. Ber að varðveita friðlýsingarskjal þetta og sjá um að forráðamönnum sé jafnan kunnbert um friðlýsinguna.

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

Reykjavík 21. júní 2001


Þjóðminjavörður

mjög fornar báðar, tiltölulega stórar og þykkar. Önnur er með áletrun og virðist eldri en hin. Hún er fremur jöfn öll að vídd, slær sér út neðst, þvermál 41 cm. Áletrunin er umhverfis efst 3 cm há: +LIVTHARDVS MEOFIERI PCEP IN HONORE DI .³⁸ PCEP er stytting úr: PRINCEPVS og DI stytting úr Dei, áletrunin gæti þýtt: *Liuthardus gerði mig (sem) hina fyrstu guði til dýrðar*. Klukkan er kollótt með svokölluðu býkúpulagi, ein af örfáum slíkum klukkum sem varðveist hafa frá því fyrir árið 1150.³⁹ Norski listfræðingurinn Bernt C. Lange hefur látið í ljós þá skoðun að klukkan væri frá síðari hluta 11. aldar eða fyrri hluta 12. aldar.⁴⁰ Hin klukkan er leturlaus, alveg slétt uppúr, slær sér mjög út niðureftir, er mjó efst, fremur löng; þvermál neðst 46 cm. Hún er talin nokkuð yngri, en þó ekki yngri en 1300.

Framkvæmd friðunar kirkjugripa samkvæmt Þjóðminjalögum frá 1989

Biskup Íslands fékk tillögurnar til yfirlestrar vor- ið 2001 og samþykkti þær. Á fundi Þjóðminjaráðs 21. júní 2001 voru friðlýsingarskránnar endanlega samþykktar og undirritaði Þjóðminjavörður friðlýsingarskjölin í framhaldi af þeim fundi.

Handrit að næsta bindi í ritróðinni *Kirkjur Íslands* er tilbúið til prentunar og mun sjá dagsins ljós snemma árs 2002. Þar er fjallað um fjórar kirkjur í Árnassýslu, Stóra-Núpskirkju, Ólafsvallakirkju, Hraungerðiskirkju og Villingaholtskirkju. Þóra Kristjánsdóttir skrifar einnig um skrúða og áhöld í þeim kirkjum og hefur samið drög að friðlýsingu valdra gripa í samræmi við það verk efni.

Eins og fram kom hér að framan hafa ný þjóðminjalög verið samþykkt, og verður því framhald og framkvæmd friðunar kirkjugripa og minningarmarka undir forystu hins nýja embættis Fornleifaverndar ríkisins.

Heimildir

- 1 Kristján Guðlaugsson. "Málarinn á Heiðarbæ". Málarinn, rit Málarameistarafélags Reykjavíkur, Reykjavík 1986. - Skúli Helgason. "Þáttur af Ófeigi smíð á Heiðarbæ." Sagnaþættir II. Selfoss 1991. - Munaskrár Þjóðminjasafns Íslands.
- 2 Þjskjs. Vísitásiubók Árneshöfna 1798-1818,

- Tungufell 1820, s. 257-258; AA/5
- 3 Roussell, Aage, "Altertavle." Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder 1.b. D. 120-121, Reykjavík 1956.
 - 4 Dehn-Nielsen, Hennning: *Kirker og klostre i Danmark*. Viborg 1995, s. 58.
 - 5 Þjskjs. Kirkjustóll Tunguflesskirkju 1897-1962, Biskupsvísitasía 18. október 1961.
 - 6 Sigurjón Helgason verkfræðingur, munnlg heimild 26. okt. 2000.
 - 7 Elsa E. Guðjónsson, munnlegar upplýsingar 20. okt. 2000.
 - 8 Þjskjs. Kirkjustóll Tungufellskirkju, prófastsvísitasía frá 28. ágúst 1899.
 - 9 Þjskjs. Kirkjustóll Tungufellskirkju, prófastsvísitasía frá 22. júlí 1909.
 - 10 Þjskjs. Vísitásiubók Árna prófast Þorvarðarsonar um Árneshöfna 1693-1701, AA/1, s. 4-7.
 - 11 Þjskjs. Kirkjustóll Tungufellskirkju, prófastsvísitasía 2. júní 1930.
 - 12 Þjskjs. Kirkjustóll Tungufellskirkju 1756-1896 AA 4 s. 2.
 - 13 Kirknaskrá Matthíasar Þórðarsonar í Þjóðminjasafni frá 1. IX. 1916.
 - 14 Kirknaskrá Matthíasar Þórðarsonar í Þjóðminjasafni frá 1. IX. 1916.
 - 15 Þjskjs. Kirkjustóll Tungufellskirkju 1897-1962, Biskupsvísitasía 11. ágúst 1928.
 - 16 Wallem, F.B. *Lys og lysstel*. Kristiania 1907, s. 52-53.
 - 17 Þjskjs. Kirkjustóll Tungufellskirkju 1756-1896 AA4, prófastsvísitasía 1871.
 - 18 Kirknaskrá Matthíasar Þórðarsonar í Þjóðminjasafni frá 21. VIII 1909, endurskoðuð 1. IX. 1916.
 - 19 Forshell, Helena. *The inception of copper mining in Falun*. Theses and papers in Archaeology B:2. Doktorsrit við Stokkhólmsháskóla 1992, s. 103-110. Þór Magnússon. "Kirkjuklukkan." *Kirkja og kirkjuskrúð*, sýningarskrá Þjóðminjasafns Íslands 1997.
 - 20 Weilbachs Kunstnerleksikon III, Kh 1952, s. 407.
 - 21 Þjskjs. Vísitásiubók Árneshöfnarprófastsdæmis 1862-1872 AA/7 s 21.
 - 22 Þjskjs. Vísitásiubók Árneshöfnarprófastsdæmis 1862-1872 AA/7, s. 163.
 - 23 Þjskjs. Vísitásiubók Árneshöfnarprófastsdæmis 1872-1885 AA/8 s 23.
 - 24 Þór Magnússon, "Gullsmíðatal", *Silfur í Þjóðminjasafni*, 1996, s. 52

- 25 Þjskjs. Vísitasíubók Árneshrófastsdæmis 1862-1872 AA/7, s 21.
- 26 Þjskjs. Vísitasíubók Árneshrófastsdæmis 1862-1872 AA/7 s 21.
- 27 F.B.Wallem. Lys og Lysstel s 30-31.
- 28 Þjskjs. Bréf til biskups úr Árneshrófastsdæmi 1845-1858. (BPS. C.V, 69 B)
- 29 Andersen Charles H.J. Framandi land, Dagbókarbrot úr Íslandsferð 1863. Reykjavík 1984, s. 35.
- 30 Þjskjs. Vísitasíubók biskups í Árneshrófastsdæmi 18. okt. 1961.
- 31 Þjskjs. Biskupsvísitasía Sigurgeirs Sigurðssonar 11. júlí 1943, s. 215.
- 32 Skrá Þjóðminjasafns Íslands og O. Villumsen Krog yfir silfur í kirkjum á Íslandi 1980, óprentuð skrá í Þjms.
- 33 Kirkjugripaskrá Matthíasar Þórðarsonar í Þjóðminjasafni gerð 20. VIII 1909, endurskoðuð 3. IX 1916.
- 34 Skrá Þjóðminjasafns Íslands og O. Villumsen Krog yfir silfur í kirkjum á Íslandi 1980, óprentuð skrá í Þjms.
- 35 Þór Magnússon. Silfur í Þjóðminjasafni. Reykjavík 1996, s. 66-67.
- 36 Wallem, F.B. Lys og lysstel. Kristiania 1907. s. 26-30.
- 37 Wallem, F.B. Lys og lysstel. Kristiania 1907, s. Þjskjs. Biskupsvísitasía Sigurbjörns Einarssonar 17. okt. 1961, s 243.
- 38 Kirkjugripaskrá Matthíasar Þórðarsonar í Þjóðminjasafni gerð 20. VIII 1909, endurskoðuð 3. IX 1916. Endurskoðuð af ÞK. 25. ágúst 2000.
- 39 Þór Magnússon. Kirkjuklukkur. Kirkja og kirkjuskrúð sýningarskrá Þjóðminjasafns Íslands 1997, s. 109-110.
- 40 Bréf frá Bernt C. Lange 12. okt. 1984 í bréfasafni Þjms.

Rannsóknaskýrslur 2001

- 1 Járngerðarstaðir í Grindavík og hjáleigur.
Fornleifaskráning.
Agnes Stefánsdóttir.
- 2 Beinafundur í Önundarholti.
Guðmundur Ólafsson og Kristinn Magnússon.
- 3 Fornbýlið Skógtjörn við Miðskóga á Álftanesi.
Fornleifakönnun á bæjarhól.
Guðmundur Ólafsson og Kristinn Magnússon.
- 4 Hólavallagarður, kirkjugarðurinn við Suðurgötu.
Skráning og rannsókn minningarmarka.
Gunnar Bollason.
- 5 Friðun kirkjugripa í kirkjum landsins.
Verkefninu ýtt úr vör.
Þóra Kristjánsdóttir



ÞJÓÐMINJASAFN
ÍSLANDS